

9. gr.

Stjórn N. L. F. Í. tekur ákvarðanir um allar fjárfestingar, sem daggjöld fyrir sjúklinga hrökkva ekki fyrir, svo og um allar meiriháttar breytingar á rekstri hælisisins að formi eða markmiði. Að öðru leyti skal stjórn hælisisins sjá um að rekstrarútgjöld hælisisins séu jafnan innan þeirra marka, er tekjur hælisisins leyfa.

10. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar, endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda, skulu lagðir fyrir stjórn N. L. F. Í., til samþykktar.

11. gr.

Dóknun fyrir stjórnarstörf hælisstjórnar úrskurðar stjórn N. L. F. Í.

12. gr.

Reglugjörð þessi er sett samkv. lögum nr. 57/1978 og gildir frá staðfestingardegi sínum. Hún tekur hins vegar ekki til stofnunar eða slita eldri ráðningarsamninga eða fjárhagsskuldbindinga, sem stjórn N. L. F. Í hefur löglega gjört samkvæmt samþykktum félagsins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1978.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

BÆ J A N Ö F N

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1978:

Gullbringusýsla:

Garður á þéttbýliskjarna í Gerðahreppi.

Kjósarsýsla:

Gil á þjónustubýli í landi Vallár, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Björk II á garðyrkjubýli í landi Bjarkar, Reykholtsdalshreppi.

Reitur á garðyrkjubýli í landi Bjarkar, Reykholtsdalshreppi.

Dalásýsla:

Lyngbrekka á nýbýli í landi Orrahóls, Fellsstrandahreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:

Staðarflöt í þjónustubýli í landi Staðar, Staðahreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Árgerði á nýbýli í landi Sólheima, Staðahreppi.

Glaumbær II á nýbýli í landi Glaumbæjar, Seyluhreppi.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Núpskatla II á þjónustubýli í landi Núpskötlu Prestshólahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Hofteigur á jörðunum Hofteigi og Hofteigi II, Jökuldalshreppi. Jafnframt var nafnið Hofteigur II fellt niður.

Rangárvallarsýsla:

Borg í stað nafnsins Litla-Rimakot á býli í Djúpárhreppi.

Árnessýsla

Ásland á garðyrkjubýli í landi Högnastaða, Hrunamannahreppi.
Oddgeirshólar IV á nýbýli í landi Oddgeirshóla III, Hraungerðishreppi.
Hvoll II á smábýli í landi Hvols, Ölfushreppi.
Hlöðutún á smábýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1978.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Neskaupsstaðar að fasteignum í Neskaupsstað.**

Neskaupsstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupsstað.

Egilsbraut 3, eigandi Kf. Fram.

Egilsbraut 5 og 7, eigendur Vigfús Guttormsson, Vigfús Guðmundsson og Hilmar Símonarson.

Egilsbraut 9, eigendur Pétur Óskarsson, Ámundi Loftsson, Jón Pétursson og Skarphéðinn Guðmundsson.

Egilsbraut 11, eigandi Egilsbraut 11 h.f.

Egilsbraut 13, eigandi Jóhann Gunnarsson.

Egilsbraut 14 og 16, sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.

Egilsbraut 22, sjóhús, eigandi Rafsilfur h.f.

Egilsbraut 24, sjóhús, eigandi Sigurjón Jónsson.

Hafnarbraut 1, eigandi Óskar Jónsson.

Hafnarbraut 2A, eigandi Kf. Fram.

Hafnarbraut 13, eigendur Lúðrasveit Neskaupsstaðar og Kf. Fram.

Hafnarbraut 23, pakkhús, eigendur Kári Hilmarsson og Egill Bjarnason.

Hafnarbraut 25, pakkhús, eigandi Clipper h.f.

Hafnarbraut 39, sjóhús, eigandi Hafbjörg h.f.

Hafnarbraut 51, sjóhús, eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.

Hólgata 9, Melabúðin, eigandi Aðalsteinn Halldórsson.

Miðstræti 7, eigandi Ólöf Stefánsdóttir.